

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 14. maí 2024
UST202404-141/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Þjóðveldisbær - Skeiða - og Gnúpverjahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða - og Gnúpverjahrepps er barst 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Þjóðveldisbæinn.

Í greinargerð kemur fram að markmiðið með gerð þessa deiliskipulags er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Innan skipulagsins eru afmarkaðar tvær lóðir og byggingareitur fyrir þjónustuhús. Skipulagssvæðið er um 6,7 hektarar að stærð og er innan þess gert ráð fyrir nýrri aðkomu.

Aðstæður

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fjalla um þær vistgerðir sem eru á svæðinu en hægt er að styðjast við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ).¹

Auk þess þarf að koma fram og fjalla um að samkvæmt kortasjá NÍ um sérstaka vernd náttúruyfyrirbæra² er innan svæðisins svokallað Þjósárhraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, en líklega eru ekki sjáanlegar jarðmyndanir á skipulagssvæðinu.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² <https://serstokvernd.ni.is/>